

Reglur um úthlutun styrkja til íslenskukennslu fyrir útlendinga haustið 2008.

1. gr.

Menntamálaráðuneyti úthlutar styrkjum til fræðsluaðila og fyrirtækja er bjóða nám í íslensku sem ekki er hluti af almennu námi á grunn- eða framhaldsskólastigi.

Markmiðið með styrkjunum er að gefa öllum sem búsettir eru hér á landi færi á að öðlast þá færni í íslensku að þeir geti orðið virkir samfélagsþegnar á Íslandi.

2. gr.

Styrkir til íslenskukennslu eru auglýstir til umsóknar í fjölmiðlum og á vef menntamálaráðuneytis. Umsóknareyðublöð eru einnig á vefnum og skal skila umsóknum til ráðuneytisins á rafrænu formi.

Styrkjum er úthlutað tvisvar til þrisvar á ári eftir atvikum.

3. gr.

Rétt til að sækja um styrk eiga fræðsluaðilar og fyrirtæki sem bjóða starfsmönnum sínum upp á skipulagða kennslu í íslensku og eru á fyrirtækjaskrá. Fyrirtæki, sem ekki eru fræðsluaðilar, þurfa að hafa samning við hæfan fræðsluaðila er annast kennsluna.

4. gr.

Umsækjandi skal veita menntamálaráðuneyti upplýsingar um markmið námsins, lýsingu á inntaki þess, námsefni og aðstöðu til kennslunnar, kennara, menntun hans eða færni og starfsreynslu. Einnig skal veita upplýsingar um kennslustundafjölda, nemendafjölda, kennslutíma, um námskeiðskostnað og fjármögnun.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið greiðir umsækjendum, sem uppfylla sett skilyrði, grunnjald allt að 5.000 kr. fyrir námskeiðsstund. Gert er ráð fyrir að hver námskeiðsstund sé að lágmarki 40 mín. Umsækjendur geta að auki fengið úthlutað allt að 300 kr. fyrir hverja nemendastund.¹ Styrkir miðast við það fjármagn sem til ráðstöfunar er hverju sinni.

Þátttakandi á námskeiði skal mæta til 75% kennslustunda að lágmarki til þess að þátttaka hans teljist styrkhæf. Fækki þátttakendum á námskeiðum frá því sem upphaflega var áætlað skerðist styrkurinn hlutfallslega sem nemur fækkuninni.

6. gr.

Við upphaf námskeiðs greiðir menntamálaráðuneyti umsækjanda allt að 40% af heildarvilyrði fyrirfram. Lokagreiðsla fer fram þegar ráðuneytinu hafa borist fullnægjandi upplýsingar um hvert námskeið og nöfn ásamt kennitölum þátttakenda.

7. gr.

Menntamálaráðuneyti hefur eftirlit með framkvæmd íslenskukennslu samkvæmt reglum þessum og metur hvort umsækjandi telst uppfylla lágmarkskröfur sem gerðar eru til fræðsluaðila.

Reykjavík, 9. janúar 2009

¹ Skýringar

Námskeiðsstundir vísa til lengdar námskeiða, t.d. 50 stundir.

Nemendastundir eru fundnar með því að margfalda fjölda nemenda á námskeiði með lengd þess í námskeiðsstundum.